

Skilvirkt stjórnskipulag og aukin tengsl við hagaðila

47. Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum
14. október 2023

Bryndís Gunnlaugsdóttir

Róbert Ragnarsson

KPMG

Um verkefnið

Markmið verkefnisins var að skoða kosti og galla þess að straumlínulaga starfsemi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) og tengdra samstarfsverkefna.

Upphaf verkefnisins var kynning og samráð á Vetrarfundi SSS síðastliðið vor. Að greiningu lokinni voru tillögur lagðar fram til umfjöllunar stjórnar SSS.

Að lokum eru tillögurnar lagðar fram til umfjöllunar á þessum aðalfundi SSS.




Hlutverk SSS

Landshlutasamtök sveitarfélaganna á Suðurnesjum sem vinnur að sameiginlegum hagsmunamálum sveitarfélaganna – eflir og styrkir samstarf þeirra.

Landshlutasamtökum er heimilt með samningum eða heimildum í sérlægum að taka að sér önnur verkefni eða starfsemi sem tengist hlutverki þeirra skv. 3. mgr. 97. gr. sveitarstjórnarlaga.

Núverandi staða

Hér til hliðar má sjá þann fjölda félaga og eininga sem eru annað hvort undir SSS, til hliðar við SSS eða tengd verkefnum samtakanna.



Félög og einingar flokkuð eftir málaflokkum


Atvinnulíf, markaðssetning og nýsköpun



Menning



Skipulag- og umhverfi



Áhersla þessa verkefnis

er á þau verkefni sem eru innan SSS eða í eigu samtakanna

Atvinnulíf, markaðssetning og
nýsköpun



Menning



Skipulag- og umhverfi




Stjórnarfólk

Krossstjórnarseta er algeng í einingum sem fjalla um atvinnulíf, markaðssetning og nýsköpun.

Ef undanskildar eru stjórnir KADECO og Eignarhaldsfélagsins kemur í ljós að einungis 14 einstaklingar skipa 29 stjórnarstöður.


29% stjórnarmanna sitja í fjórum eða fleiri nefndum



Stjórnir


Áfangastaðstofa, Markaðsstofa og Sóknaráætlun

50% stjórnarmanna sitja í tveimur eða fleiri nefndum



Stjórnir

Áfangastaðstofa, Markaðsstofa, Sóknaráætlun, Heklan og Geopark



Helstu niðurstöður - Vetrarfundur

Það gengur vel í samstarfinu að sækja peninga til ríkisins og jafnræði sveitarfélaga í samtali. Sveitarfélögin eru samstíga með margt.

Góður samstarfsvettvangur sveitarfélaganna og mikilvægt að hafa samstarfsvettvang með atvinnulífinu í Heklu og Geopark.

Leggja niður t.d. Hekluna og sameina öðru

Ekki leggja niður stjórn Heklunnar, hún gegnir mikilvægu hlutverki

Sameina sem flesta þætti, láta íbúafjölda hvers sveitarfélags ráða atkvæðavægi innan stjórna. Leggja niður verkefni sem eru úr sér gengin.

Það þarf að passa að stjórnir séu ábyrgar fjárhagslega. Líst ágætlega á að setja Hekluna inn í stjórn SSS.

Reykjanesbær á að sjálfsgöðu að hafa formann í öllum stjórnnum og helst tvo fulltrúa í stað eins. Ef sveitarfélagið þarf að taka fjárhagslega ábyrgð, t.d. á HES núna, þá eiga að fylgja einhver völd með.

Fá alla til að róa í sömu átt og þannig ná sameiginlegum styrk svæðisins. Þarna þarf ríkið/Kadeco að koma inn. Mögulega kallar þetta á sameiningu allra sveitarfélaganna á Suðurnesjum.

Mikilvægt að hafa konur í öllum stjórnnum, það er alveg hrikalegt að sveitarfélögin finnist bara að karlarnir eigi að fá þessi sæti

Framkvæmdastjórar sveitarfélaga ættu að skipa stjórn SSS. Þar liggur þekkingin og bestu farvegir til að miðla til sveitarfélaga

Ættu forsetar og formenn bæjarstjórna að funda reglulega með það fyrir augum að samræma og marka stefnu svæðisins?



Það þarf að fjölga atvinnutækifærum og auka fjölbreytni í atvinnulífinu

Helstu niðurstöður - Viðtöl

Það þarf að sameina stjórnir, setja upp fagrað, endurskrifa samþykktir – ekki hugsað sem hallarbylting heldur einföldun. Tryggja að ábyrgðin sé skýr og hver gerir hvað.

Það er almennt of mikið áhugaleysi stundum, bæði í bæjarstjórn og samstarfsverkefnum. Það þarf líka að tryggja að það sé fólk úr bæjarstjórn í samstarfsverkefnum til að tryggja samfelli milli samstarfsverkefna og bæjarstjórna.

Allir á svæðinu í sömu vegferð og góður vilji, en skilvirkni eitthvað sem má bæta (varðandi atvinnumál)

Alltaf sömu andlitin í ólíkum nefndum

Vantar skýrari verkaskiptingu um hvað stjórnmalafólk á að ákveða og hvað starfsmenn SSS og sveitarfélaga eiga að gera. Hvað er stefnumörkun og hvað er framkvæmd?

Það þarf að breyta verklagi og hætta að festast í gömlum hugmyndum um samráð og stjórnir.

“ Það þarf að sameina þessu sveitarfélög og hætta að pæla í sveitarfélagamörkum. Það heftir uppbyggingu svæðisins að þurfa að pæla í hvoru megin við sveitafélagamörk uppbygging lendir.

Lykilniðurstöður



Óskilvirkt fyrirkomulag



Óljós verk svið, ábyrgð og stefnumótun



Óskýrt og óskilvirkt skipulag




Ómarkviss aðkoma hagsmunaaðila

Tækifæri



Tækifæri



Skýrt valdsvið

Lykill að árangri er skýrt valdsvið þar sem verkefni og ábyrgð aðila eru vel skilgreind.



Eigendur - Tækifæri er til að nýta aðalfund og vetrarfund betur til að gefa öllum kjörnum fulltrúum á svæðinu tækifæri á að hafa bein áhrif á stefnu og starfsemi SSS og verkefni sem þar eru unnin.




Stjórn SSS fer með rekstur félagsins, þar á meðal gerð fjárhagsáætlunar, og setur því nánari stefnu og skipar framkvæmdastjóra.



Framkvæmdastjóri SSS sér um daglegan rekstur félagsins og skal í verklagsreglum stjórnar og starfslýsingu framkvæmdastjóra ganga úr skugga um að skýr verkaskipting sé milli aðila.

Tækifæri



Skýrt valdsvið

Skilvirkt skipulag

Af niðurstöðum Vetrarfundar og úr viðtölum má sjá að tilefni er til þess að einfalda stjórnskipulag SSS.



Stjórn SSS fer með rekstur félagsins




Fagráð Lagt er til að skipuð séu þrjú fagráð um helstu málaflokka

- 1) atvinnulíf, markaðssetningu og nýsköpun,
- 2) Menningarmál
- 3) skipulags og umhverfisráð.



Fulltrúar SSS í öðrum

stjórnnum vinna eftir stefnumörkun SSS í viðkomandi málaflokki.



Tækifæri



Skýr stefnumótun sem markar skýra sýn og leið fyrir stjórn, framkvæmdastjóra, starfsfólk og annað stjórnar- og nefndarfólk



Stefnumótun Lagt er til að stefnumótun fyrir hvern málaflokk verði samþykkt á aðal- eða vetrarfundi SSS þar sem tryggð er aðkomu allra hagaðila að gerð stefnumótunarinnar



Aðgerðaráætlun Stefnumótun hvers málaflokks skal innihalda aðgerðaráætlun þar sem tilgreindir eru ábyrgðaraðilar en þeir geta verið stjórn SSS, framkvæmdastjóri eða fagrað innan SSS.



Þátttaka allra kjörinna fulltrúa Með því að gefa öllum kjörnum fulltrúum þátttökurétt í stefnumótun og gerð aðgerðaráætlunar er vegið upp veikleika fámennrar stjórnar.

Tækifæri



Mikilvægt er að skipulag SSS feli í sér virkt samráð við alla hagaðila en ekki eingöngu fulltrúa hluta hagaðila á svæðinu.




Hagaðilar Erfitt er að ná að tryggja samráð við alla þessa aðila með því að gefa þeim öllum sæti við fagrað eða í stjórnnum.

Hagaðilar fá því misjafnt vægi og erfitt að bregðast við þegar nýir hagaðilar koma fram, svo sem við breytingar í atvinnulífi.



Nýir starfshættir við samráð Hvatt er til þess að SSS innleiði samráð í formi vinnustofa sem getur tryggt markvissara samráð við ólíka hagaðila, allt eftir þörfum hvers verkefnis hverju sinni.



1. Vinnustofa og drög

Fagráð aflar upplýsinga, heldur vinnustofu með hagaðilum til að fá þeirra sjónarhorn og leggur fram drög að stefnumótun fyrir stjórn SSS

2. Stjórn SSS

Stjórn SSS sendir drög að stefnumótun til umsagnar og í framhaldinu fullmótar drög til að leggja fyrir aðal- eða vetrarfund SSS.

3. Aðal- eða vetrarfundur SSS

Stefnumótun er til umræðu og samþykktar á aðal- eða vetrarfund SSS


4. Framkvæmd

Stjórn, fagráð og starfsfólk SSS ber ábyrgð á að koma stefnumótun og aðgerðaráætlun í framkvæmd. Fulltrúar er stjórn SSS skipar í nefndir og ráð skulu starfa í samræmi við samþykktu stefnumótun.

5. Árangurs- og endurmat

Hver stefnumótun gildir til fjögurra ára. Að þremur árum liðnum hefst árangurs- og endurmat og í framhaldinu gerð nýrrar stefnumótunar og aðgerðaráætlun. Skoða ætti að hafa aðeins eina stefnumótun til endurskoðunar á hverju ári að undanskyldu kosningaári.

Næstu skref



01

Uppfæra samþykktir SSS

Samþykktir SSS mynda grunn að stjórnskipulagi félagsins. Er því fyrsta skref að uppfæra samþykktir þar sem m.a. er gert ráð fyrir fagráðum, möguleikum á skipun tímabundinna verkefna miðaðra fagráða og ákvæðum um virka stefnumótun.

02

Leggja niður Markaðsstofu Reykjaness

Markaðsstofa Reykjaness er sjálfseignarstofnun með staðfesta skipulagsskrá og þarf að leggja félagið niður í samræmi við stofnskrá þess. Ganga þarf í skugga um að öll verkefni og samningar hafi verið færð yfir á kennitölu SSS.

03

Erindisbréf fyrir stjórn og fagráð

Setja ætti erindisbréf fyrir bæði stjórn SSS og fagráð en þannig er hægt að tryggja að verkefnaskipting milli stjórnar og fagráða sé skýr. Hluti af erindisbréfum ætti að vera verklag við gerð stefnumótunar SSS í málaflokkum til að tryggja samræmd vinnubrögð og verkaskiptingu.

04

Verklag við stefnumótun

Stjórn SSS samþykkir verklag við gerð stefnumótunar SSS í málaflokkum til að tryggja samræmd vinnubrögð og verkaskiptingu. Verklagið yrði hluti af erindisbréfum fagráða. Hluti af verklaginu ætti að vera t.d. vinnustofur og samráð við hagaðila, að framsetning sé samræmd og feli í sér aðgerðaráætlun og reglulega endurskoðun.

05

Æskilegur fjöldi sveitarfélaga // 4-3-2-1

Lagt verið mat á hvort núverandi staða sé hagstæðasta fyrirkomulagið til framtíðar, eða hvort æskilegt sé að fækka sveitarfélögum með sameiningum.

SSS, f.h. sveitarfélaganna, getur sótt um framlag í Jöfnunarsjóð til að greina valkosti allt frá því að á svæðinu verði eitt sveitarfélag yfir í óbreytt ástand, þ.e. fjögur sveitarfélög.



KPMG